

Nd.

226. Frumvarp til laga

[103. mál]

um búnaðarháskóla á Íslandi.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Búnaðarháskóli skal starfræktur á Hvanneyri í Borgarfirði.

2. gr.

Hlutverk Búnaðarháskóla Íslands er:

1. Að veita æðri menntun í búfræði og undirstöðugreinum hennar. Sé kennslan byggð á vísindalegum grundvelli.
2. Að vinna að fræðilegum rannsóknum á sviði landbúnaðarins.

3. gr.

Búnaðarháskólinn skal hafa öll þau afnot af jörð og búi á Hvanneyri, sem kennsla og rannsóknarstörf þarfnast.

4. gr.

Ráðherra skipar skólastjóra búnaðarháskólans.

5. gr.

Ráðherra skipar fasta kennara samkvæmt tillögum skólastjóra og kennararáðs. Skólastjóri ræður aukakennara og fasta aðstoðarmenn að fengnum tillögum kennararáðs og með samþykki ráðherra.

6. gr.

Fastakennarar skulu auk kennslustarfa annast rannsóknir í sérgreinum sínum. Starfstími þeirra er 11 mánuðir á ári.

7. gr.

Fastakennarar háskólans skulu ásamt skólastjóra mynda kennararáð. Kennararáð hefur úrskurðarvald í málefnum háskólans innan þeirra marka, er reglugerð ákveður.

Úrskurði kennararáðs má áfrýja til ráðherra.

8. gr.

Skólastjóra er heimilt að fengnu samþykki ráðherra að fela einstökum kennurum yfirumsjón með sérstökum greinum skólastarfsins.

9. gr.

Námstími við Búnaðarháskóla Íslands er 4 missiri, 3 vetur og 1 sumar. Meðan húsnæði og aðrar aðstæður skortir, er ráðherra heimilt að ákveða, að námstíminn verði aðeins 3 missiri, 2 vetur og 1 sumar, og eru þá nemendur teknir inn í skólann annað hvert ár.

Í reglugerð skal kveða nánar á um tilhögun námsins.

10. gr.

Skilyrði fyrir inngöngu í skólann séu þessi:

- a. Að umsækjandi sé búfræðingur og hafi hlotið 1. einkunn við búfræðipróf. Kennararáð getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.
- b. Að hann auk þess hafi stúdentspróf eða miðskólapróf og framhaldsmenntun í stærðfræði, íslenzku, dönsku og ensku, er svari sem næst til:
 - í stærðfræði stúdentsprófs máladeildar,
 - í dönsku stúdentsprófs,
 - í íslenzku og ensku prófs úr 2. þekk menntaskóla.

11. gr.

Lokapróf búnaðarháskólans er kandidatspróf í búfræði. Gangi nemandi frá prófi eða standist það ekki, getur kennararáð heimilað honum að endurtaka það síðar.

Skólastjóri ræður prófdómara í samráði við kennararáð.

12. gr.

Nemendur skólans skulu í hvívetna gæta háttvísi og velsæmis í skóla sem utan hans. Skal í reglugerð setja ákvæði um hegðun nemenda og viðurlög við brotum.

13. gr.

Búnaðarháskólinn skal, eftir því sem fé er til veitt í fjárlögum, stofna og annast fræðilegt bókasafn um landbúnað. Skal það vera nemendum til afnota og til útlána fyrir sérfræðinga á sviði landbúnaðarins, eftir því sem ástæður leyfa.

14. gr.

Landbúnaðarráðuneytið hefur á hendi yfirstjórn búnaðarháskólans og gefur út reglugerð um framkvæmd þessara laga að fengnum tillögum skólastjóra og kennararáðs.

15. gr.

Kostnaður við stofnun og starfrækslu Búnaðarháskóla Íslands greiðist úr ríkissjóði.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk landbúnaðarráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma við frv. Eftirfarandi greinargerð fylgir frv.:

Með bréfi menntamálaráðherra, Gylfa Þ. Gíslasonar, 26. febr. 1959, var skipuð þriggja manna nefnd til að semja frumvarp til laga um stofnun búnaðarháskóla á Hvanneyri. Aðalefni bréfsins var á þessa leið:

„Búnaðarþing 1958 samþykkti ályktun þess efnis, að það teldi brýna þörf á, að kennsla í búvísindum hérlendis yrði eflð og aukin frá því, sem nú er, og að stofnaður skyldi fullkominn búnaðarháskóli hér á landi og hann staðsettur á Hvanneyri.

Ráðuneytið hefur ákveðið að skipa nefnd þriggja manna til að semja frumvarp til laga um stofnun búnaðarháskóla á Hvanneyri — — —“

Í nefndina skipaði ráðherra þá Steingrím Steinþórsson búnaðarmálastjóra, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Benedikt Gröndal alþingismaður og Guðmund Jónsson skólastjóra.

Nefndin hefur haldið allmarga fundi, bæði á Hvanneyri og í Reykjavík, kynnt sér lög og reglugerðir búnaðarháskóla Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar og fengið tillögur kennara við framhaldsdeild búnaðarskólans á Hvanneyri.

Nefndin var sammála um, að ekki væri ráðlegt að hafa fyrstu lög um búnaðarháskóla á Íslandi um of ýtarleg, heldur bæta þau og auka með reglugerðum, meðan starfsemin er í byrjun og nokkur reynsla fæst.

Hér fara á eftir athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins, að svo miklu leyti sem þeirra er þörf.

1. grein.

Greinin þarf ekki skýringa við og er í samræmi við bréf menntamálaráðherra frá 26. febr. 1959.

2. grein.

Ætlað er til, að búnaðarháskólinn hafi tvíþætt hlutverk: æðri kennsla í búvísindum og rannsóknir á því sviði.

3. grein.

Til þess að búfræðikennsla og rannsóknir á því sviði geti náð tilgangi sínum, er þörf á því að hafa til umráða nóg landrými, búfé og vélar. Allt þetta er fyrir hendi á Hvanneyri og þarf að vera til afnota fyrir háskólann.

4. grein.

Greinin þarf ekki skýringa við.

5. grein.

Greinin þarf ekki skýringa við.

6. grein.

Greinin ber með sér, að svo er til ætlað, að kennarar skólans séu til þess hæfir að framkvæma rannsóknir og kennslustörf þeirra verði ekki meiri en svo, að tóm sé til slíks starfs. Starfstími kennaranna er langur, 11 mánuðir, enda er sumarið í flestum tilfellum hentugasti tími til rannsókna og tilrauna á sviði landbúnaðarins. Að sjálfsögðu verður að skapa starfsmönnum skólans launakjör í samræmi við lengd starfstíma þeirra.

7. grein.

Rétt þykir, að kennararáð aðstoði skólastjóra við meiri háttar ákvarðanir í málefnum skólans.

8. grein.

Þessi grein felur í sér ábendingu um það, að rétt geti verið að létta störfum af skólastjóra, en fela þau kennurum. Á þetta þó alveg sérstaklega við, ef sami maður fer einnig með stjórn bændaskólans.

9. grein.

Eins og stendur, er framhaldsnámið á Hvanneyri 2 vetur og 1 sumar. Hins vegar hafa allmargir hinna íslensku búfræðikandidata að afloknu prófi farið til annarra landa (Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar) til meira náms í vissum sérgreinum landbúnaðarins. Hefur það tekið 1—2 ár. Komið gæti til greina að gera slíkt sérnám við erlendan búnaðarháskóla að skyldu. Ber þar hvort tveggja til, að það hefur almennt menntandi og þroskandi gildi að kynnast öðrum þjóðum,

svo og hitt, að því lengra sem farið er út í sérnám, því meiri ástæða er til að sækja það til annarra landa, þar sem allar aðstæður til vísindalegra rannsókna eru og munu ávallt verða mun betri en hér.

Hitt er þó lagt til í tillögum okkar, að lengja námið hér heima, strax og fært þykir vegna húsrýmis, kennslukrafta og rannsóknartækja. Er því í frumvarpinu gert ráð fyrir 3 vetrum og 1 sumri til kandidatsprófs í búfræði.

10. grein.

Fyrsta skilyrðið fyrir því að fá inngöngu í búnaðarháskólann er það að vera búfræðingur. Gert er ráð fyrir að taka ekki jafnaðarlega búfræðinga með lægra próf en 1. einkunn, þó geti kennararáð veitt undanþágu frá því, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Auk búfræðiprófs sé aðalkrafan sú, að umsækjandi sé stúdent. Heimilt sé þó að taka inn nemendur, sem auk miðskólaprófs hafi þá þekkingu í íslenzku, reikningi, dönsku og ensku, er lagagreinin segir til um. Er þessi krafa mjög sniðin eftir tilsvarendi ákvæðum í Danmörku og Noregi.

11. grein.

Í reglugerð þarf að kveða nánar á um það, hverjar reglur skulu gilda um endurtekningu prófa. Hins vegar má telja réttmætt að gefa kennararáði tækifæri til þess að hafa áhrif á það, á hvern hátt nemendum, sem falla eða ganga frá prófi, er leyft að taka það upp aftur. Er m. a. haft í huga, að hér er að ræða um heimavistar-skóla, þar sem það er mikilvægt atriði, hverja framkomu nemendur hafa og hver áhrif þeirra eru á skólalífið.

12. grein.

Að sjálfsgöðu verða nemendur að hafa fullt aðhald um það, að þeir ekki með gálauslegri framkomu spilli skólalífi og hafi áhrif til hins verra um álit stofnunarinnar út á við.

13. grein.

Mjög er það nauðsynlegt fyrir búnaðarháskóla að eiga stórt og vandað bókasafn, einkum um landbúnaðarvísindi. Væri og æskilegt að geta veitt búfræðimenntuð um mönnum utan stofnunarinnar aðgang að því.

14.—15. grein.

Purfa ekki skýringa við.

Reykjavík, 29. janúar 1960.

Steingrímur Steinþórsson,
með fyrirvara, sjá sérstaka greinargerð.
Benedikt Gröndal. Guðmundur Jónsson.

Fylgiskjal I.

Greinargerð

frá minni hluta nefndar, er skipuð var 26. febr. 1959 til þess að semja frumvarp til laga um stofnun búnaðarháskóla á Hvanneyri.

Með bréfi, dags. 26. febr. f. á., skipaði þáverandi menntamálaráðherra þriggja manna nefnd. Nefndinni var falið að semja uppkast að frumvarpi um stofnun búnaðarháskóla á Hvanneyri. Nefnd þessi var skipuð þeim Benedikt Gröndal alþingis-manni, Guðmundi Jónssyni skólastjóra á Hvanneyri. Þriðji maður nefndarinnar var sá, er þetta ritar, og var honum um leið falið að vera formaður nefndarinnar.

Ég leyfi mér að vísa til hinnar almennu greinargerðar, er frumvarpsuppkasti nefndarinnar fylgir um störf nefndarinnar.

Bréf menntamálaráðherra takmarkar störf nefndarinnar við það eitt að semja frv. til laga um búnaðarháskóla á Hvanneyri. Hefur nefndin starfað á þeim grundvelli. Hins vegar lýsti ég því yfir, áður en störfum nefndarinnar var langt komið, að ég væri því andvígur, að búnaðarháskóli yrði reistur á Hvanneyri. Ég teldi, að þá stofnun ætti að reisa sem deild við Háskóla Íslands. Ég tók fram, að ég mundi samkvæmt ósk ráðherra taka þátt í samningu frumvarps um búnaðarháskóla á Hvanneyri, en hins vegar í séráliti skýra mín sjónarmið og hvers vegna ég ekki gæti á það fallið, að búnaðarháskóli yrði reistur þar. Þessi skoðun mín hefur þróast um langan tíma. Sjálfur er ég Hvanneyringur, starfaði þar um tólf ára skeið sem nemandi, vinnumaður og kennari. Ég ann Hvanneyri og vil þeim stofnunum, sem þar eru, allt hið bezta, en þó því aðeins, að öruggt sé, að hægt verði að reisa þær stofnanir, sem þar eiga að vera, með þeim myndarskap, er staðnum og starfsemi hálfir. En ég óttast, að svo verði ekki, ef reisa skal þar búnaðarháskóla á næstu árum. Hætt er við, að hann verði reistur með hálfgerðum kotungsbrag, en ekki með þeirri reisu, sem slíkri stofnun hæfir og hún verður að hafa til þess að geta sinnt hlutverki sínu. Tel ég þá verr farið en heima setið.

Búnaðarháskóli með vísindasniði kostar svo miklar fjárhæðir, að skiptir tugum milljóna króna í fyrsta áfanga. Það munu sumir kalla óþarfa varkárni af minni hálfu, en aðrir hræðslu og bleyðiskap að láta slíkt hafa áhrif á afstöðu mína til málsins, en ég játa hreinskilnislega, að þetta hefur að nokkru leyti mótað afstöðu mína, þótt fleira komi til, eins og síðar mun rakið.

Þegar rætt er um og gerðar áætlanir um að reisa jafnmikla og margþætta stofnun og búnaðarháskóli hlýtur alltaf að verða, er margt að gæta, ef vel á til að takast. Mistök á staðarvali fyrir slíka stofnun eða stórir gallar á staðsetningu fyrstu bygginga, sem reistar verða í fyrirhuguðu háskólahverfi, geta orðið mjög örlagaríkir síðar meir og þá valdið því, að seint eða aldrei sé hægt að ráða bót á þeim misfellum, sem orðið hafa, nema þá með svo miklum tilkostnaði, að telja má óviðráðanlegt. Þessu verður að gera sér ljósa grein fyrir strax við fyrstu umræður um þetta mál. Á Hvanneyri er stór bændaskóli, og er skólabúnið starfrækt í þjónustu skólans. Ég hygg, að engum detti í hug að breyta þessu. En þeir, sem vilja reisa búnaðarháskóla á Hvanneyri, telja, að báðar skólstofnanirnar geti samhliða haft aðgang og not af skólabúinu. Þetta mun þó ýmsum vandkvæðum bundið, ef betur er að gáð, eins og nánar mun fram tekið síðar.

Hvanneyri er mikil jörð, og má miklu framfleyta á henni. Jörðin er þó að sumu leyti einhæf og sérstæð um margt, svo að hún líkist ekki nema að vissu leyti venjulegum bújörðum hér á landi. Mestu gæði jarðarinnar eru hinar ágætu flæðiengjar, allt frá Hvítarósi og að Ásgarðshöfða. Hins vegar er ræktunarlandið óþjálmt til ræktunar, mýraflóar mjög blandnir leir, sem gerir það að verkum, að framræsla er bæði dýr og erfið. Hvanneyrarflóinn er því sérstakur og einhæfur um margt og ekki eins og venjuleg mýrarjörð er hér á landi. Vallendismóar eru því nær engir nema þá úti í Kistu, yzt í Hvanneyrarlandi. Dálítið er af melum, en þó mjög takmarkað, sem hafa reynzt illa til ræktunar. Ég tel það því vöntun allmikla, að ekki skuli vera fjölbreyttari jarðvegur til umráða, þar sem tvær voldugar kennslu- og vísindastofnanir í þágu landbúnaðarins eiga að hafa aðsetur.

Þrátt fyrir þetta tel ég þó, að reisa megi búnaðarháskóla á Hvanneyri hvað landrými snertir. Ég lít svo á, að þá beri að reisa hann á Ásgarðshólum og til hans ætti fyrst og fremst að leggja Tungutún og land svo langt út eftir sem þarf, sem ég tel að í fyrsta áfanga þurfi að vera út að Ásgarðshöfða, en síðar meira, eftir því sem stofnunin vex og fleiri verkefni verða tekin til meðferðar.

Fari svo, að reistur verði búnaðarháskóli á Hvanneyri, yrði hann að vera undir annarri yfirstjórn en bændaskólinn. Ég tel það eitt meginatriði, sem ekki megi hvíka frá. Ætti sami maður að stjórna báðum skólum og búinu, væri það of

mikið starf og hætt við því, að annar hvor skólinn eða báðir liðu við það. Eigi að gera ráð fyrir, að báðir skólarnir ættu að geta notað búið vegna kennslunnar, verður óumflýjanlegt að setja yfir það sjálfstæða stjórn, en láta það ekki vera undir stjórn annars hvors, skólastjóra bændaskólans eða rektors. Slíkt mundi valda árekstrum. Við það að taka búið undan stjórn skólastjóra bændaskólans er vegur þess skóla rýrður frá því, sem nú er.

Þá álit ég að ýmsu leyti varhugavert að hafa á sama stað, þótt í aðskildum byggingum væri að einhverju leyti, tvær jafnólíkar stofnanir, en þó skyldar, eins og bændaskóla og búnaðarháskóla. Það er grundvallareðlismunur á þessum tveimur skólum. Í bændaskóla á fyrst og fremst að kenna nemendum búskap og þau hagnýtu fræði, sem til þess þarf, að bóndinn sé sem færastur að gegna sínu mikilvæga hlutverki í þjóðfélaginu. Í búnaðarháskóla á hins vegar að kenna búvísindi, ekki aðeins hinn hagnýta þátt þeirra, heldur einnig grundvallarvísindi, en þau eru nánar tiltekið hinar fjölþættu greinar náttúrufræði og ýmis önnur raunvísindi. Séu stofnanir þessar á sama stað og kennaralið ef til vill að einhverju leyti hið sama, er hætt við, að ekki verði gerður nógu glöggur greinarmunur á kennsluáðferðum og uppbyggingu menntunar í báðum skólum. Einnig gæti skapast afbrýðisemi milli nemenda beggja skólanna og jafnvel milli kennara bændaskólans og prófessora búnaðarháskólans. Slíkt yrði hin mesta ógæfa fyrir staðinn í heild.

Við að hafa stofnanirnar undir sömu stjórn og ef svo skólarnir eru jafnvel í sömu byggingu, þá verður lítt mögulegt að viðhafa aðrar skólareglur í búnaðarháskólanum en í bændaskólanum, en nemendur bændaskólans, sem eru yfirleitt 17—20 ára að aldri, þurfa að vera undir venjulegum skólaaga, en búnaðarháskólanemendur hljóta að krefjast sama frjálsræðis og aðrir háskólanemendur.

Eins og áður er að vikið, mundi uppbygging myndarlegs búnaðarháskóla á Hvanneyri kosta of fjár og verða ríkinu margfalt kostnaðarsamari en hún yrði með því að stofna kennsludeild í búvísindum við Háskóla Íslands.

Í fyrsta lagi yrði að reisa mikið hús fyrir kennslustofur, vinnustofur (laboratories) og söfn. Að vísu þyrfti einnig slíkt húsnæði við háskólann, en hægt yrði jafnframt að nota það og ýmis kennslutæki fyrir kennslu í náttúruvísindum við aðrar deildir háskólans. Enn fremur mætti að verulegu leyti nota þau söfn, sem til eru í Reykjavík eða koma þarf upp þar.

Í öðru lagi þyrfti að byggja sérstaka heimavist með matstofu og öðrum nauðsynlegum útbúnaði fyrir nemendur búnaðarháskóla, ef hann yrði reistur á Hvanneyri, en við Háskóla Íslands mundu nemendur í búvísindadeild verða að sæta sömu kjörum og aðrir nemendur háskólans. Slík bygging mundi kosta margar milljónir króna.

Í þriðja lagi þyrfti ríkið að byggja myndarlega bústaði fyrir alla kennara og annað starfslíð búnaðarháskólans. Fjöldi kennara yrði strax á fyrstu árum a. m. k. 10, og mundi kosta eigi minna en 5 milljónir króna að reisa hús yfir þá og til viðbótar 1—2 milljónir til að byggja yfir annað nauðsynlegt starfslíð. Þetta fjármagn mundi ríkið spara að öllu leyti, ef búvísindin yrðu kennd við Háskóla Íslands.

Í fjórða lagi mundi skipulagning búnaðarháskólahverfisins, gatnagerð, frárennsli o. fl., kosta mjög mikið fé, en óhjákvæmilegt yrði að gera þau mannvirki strax í byrjun og ákveða þá um leið heildarskipulag háskólahverfisins allmörg ár fram í tímann.

Þá er mikið vafamál, ef reistur verður búnaðarháskóli að Hvanneyri, að unnt verði fyrst um sinn að fá þangað nógu færa kennslukrafta. Í okkar fámenna þjóðfélagi eru nú sem stendur varla nógu margir sérfróðir menn á sviði búvísinda til þess að veita fullkomna kennslu við búnaðarháskóla, og meiri hluti þeirra er búsettur í Reykjavík við embættisstörf þar. Það yrði óumflýjanlega hörð samkeppni um færustu mennina milli búnaðarháskólans annars vegar og Búnaðarfélags Íslands og búnaðardeildar atvinnudeildar háskólans hins vegar. Hverri stofnuninni

veitti bezt í því kapphlaupi, er ekki gott að segja, en ef einhver þeirra yrði undir í samkeppninni, þá yrði það alvarlegt áfall fyrir þá stofnun og þar með landbúnaðinn í heild.

Að öllu þessu athuguðu finnst mér sjálfsagt að koma upp kennsludeild í búvísindum við Háskóla Íslands í mjög náinni samvinnu við atvinnudeild háskólans. Við tilraunastarfseminu þarf mjög færa og vel menntaða starfskrafta, og verða tilraunasérfræðingarnir með vaxandi starfsreynslu færustu sérfræðingar þjóðarinnar, hver í sinni grein, og jafnframt heppilegustu kennslukraftar fyrir búvísindadeild.

Sú þróun er nú meðal annarra þjóða að tengja sem mest kennslu í æðri búvísindum við rannsókn- og tilraunastarfsemi og jafnframt að láta námið fara fram við háskólana sjálfa í stað þess að hafa sjálfstæða búnaðarháskóla, sem oft voru nokkuð einangraðir. Þetta gildir í flestum löndum Evrópu og Norður-Ameríku. Smáþjóð eins og Íslendingar hefur að mínum dómi alls ekki efni á að byggja og starfrækja fleiri en einn háskóla. Virðist eðlileg og sjálfsögð þróun hér á landi að efla Háskóla Íslands smám saman á þann veg, að hann veiti æðstu menntun í öllum greinum vísinda, bæði almennra hugvísinda og hagnýtra raunvísinda.

Landbúnaðurinn er elzti atvinnuvegur þjóðarinnar og hefur fósttrað þá menningu, sem þjóðin býr að til þessa, menningu, sem hefur verndað tungu vora og gert oss kleift að öðlast sjálfstæði. Er því fyllilega tímabært, að æðsta menntastofnun þjóðarinnar, Háskóli Íslands, taki að sér að veita menntun í æðri búvísindum, sem jafnast á við hliðstæða menntun hjá öðrum menningarþjóðum.

Enda þótt atvinnuhættir Íslendinga hafi breytt mjög á síðari áratugum, er landbúnaðurinn enn einn aðalundirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar og hlýtur að verða það um ókomnar aldir, ef hér á að haldast við sjálfstætt menningarþjóðfélag. Það er sjálfsögð krafa íslenzks landbúnaðar til þjóðfélagsins, að forvígismenn landbúnaðarins á sviði vísinda og félagsmála eigi kost á að hljóta eins fullkomna menntun og forvígismenn annarra stétta þjóðfélagsins, allt annað er lítilsvirðing við landbúnaðinn og mundi valda honum óbætanlegu tjóni í framtíðinni. Verður því að gera kröfur til þess, að þeir, sem stunda æðra nám í búvísindum, fái jafnmikla almenna menntun og aðrir háskólaborgarar og til viðbótar sem fullkomnasta háskólamenntun.

Með því skólakerfi, sem Íslendingar búa við nú, og við hina miklu atvinnu- móguleika ungs fólks á sumrum, þá er gatan greið fyrir námfúsa og vel gefna unglunga til stúdentsprófs. Það er mikil hættu í því fólgin, ef reistur er búnaðarháskóli á Hvanneyri eða einhvers staðar annars staðar fjarri Háskóla Íslands og í engum tengslum við hann, að þá verði slík stofnun á ýmsan hátt af vanefnum gerð og njóti því ekki jafnmikils álits menntamanna þjóðarinnar eins og háskólinn og laði því síður að sér álitlegustu nemendur. Háskóli Íslands verður alltaf sterkari aðili en sjálfstæður búnaðarháskóli getur orðið.

Þá er það mikils virði fyrir nemendur í æðri búvísindum að sitja á bekk með og taka þátt í félagslífi jafnaðra sinna í öðrum deildum háskólans. Með því kynnst þeir betur þjóðfélaginu í heild, hugsun og viðhorfum hinna ólíku stétta og eiga kost á að víkka sjóndeildarhring sinn með því að eiga aðgang að þeim menningarstofnunum, sem háskólinn og höfuðborgin hafa upp á að bjóða, heldur en með því að vera einangraðir í hóp á námsárunum í búnaðarháskóla á Hvanneyri eða annars staðar fjarri háskólanum.

Búvísindadeild, hvort sem um sjálfstæðan búnaðarháskóla er að ræða eða búvísindadeild við háskólann, verður alltaf fámenn. Ég tel vafamál, að það þurfi að útskrifa meira en 6—10 búfræðikandidata árlega til þess að fullnægja þörf landbúnaðarins fyrir sérfræðimenntaða menn. Ef reiknað er með þriggja ára námi í búnaðarháskóladeild, mundi nemendafjöldi ekki verða nema 20—30. Kennslukostnaður stendur vanalega í öfugu hlutfalli við nemendafjölda og sérstaklega þegar um

nám í æðstu skólum er að ræða. Hlýtur þess vegna kostnaður á hvern nemanda í búnaðarháskóla, sem ekki er í tengslum við Háskóla Íslands, að verða geysmikill.

Verði sett á stofn kennsludeild í búvísindum við Háskóla Íslands, þarf að tryggja þeirri deild landrými í nágrenni Reykjavíkur. Nú liggur fyrir, að auka þarf landrými fyrir búnaðardeild atvinnudeildar háskólans til þess að skapa þar meiri og betri tilraunaaðstöðu en nú er fyrir hendi, sem nægja muni um mörg ókomin ár. Sama land væri auðvelt og sjálfsagt að nota fyrir búvísindadeild háskólans. Má í því sambandi benda á, að Korpúlfsstaðir eru hentugasta landssvæðið í nágrenni Reykjavíkur fyrir þessa starfsemi. Uppbygging á þeim stað mun að sjálfsögðu kosta allmikið fé, en hún yrði litlu kostnaðarsamari, þótt búvísindadeild fengi þar aðstöðu ásamt búnaðardeild atvinnudeildarinnar, heldur en þótt staðurinn yrði byggður upp aðeins fyrir búnaðardeild atvinnudeildarinnar. Háskóli Íslands mun ætíð hafa notið fyllstu fyrirgreiðslu Reykjavíkur, og er því þess að vænta, að forráðamenn Reykjavíkur muni fúsir til að veita búvísindadeild háskólans og atvinnudeild aðstöðu á Korpúlfsstöðum, ef Alþingi álitur, að þetta stórmál verði bezt leyst fyrir hag landbúnaðarins og þjóðarinnar í heild með því að stofna kennsludeild í búvísindum við Háskóla Íslands.

Verði stofnuð kennsludeild í búvísindum við Háskóla Íslands, þarf mun fá-mennara fast kennslulið, þ. e. prófessora, en við sjálfstæðan búnaðarháskóla á Hvanneyri. Til þess að byrja með ætti að nægja deildarforseti og 1 eða 2 prófessorar að auki, sem gegndu fyrst og fremst kennslu. Sérfræðingar búnaðardeildar atvinnudeildar væru sjálfsagðir kennarar í sérgreinum sínum. Þeir eru fastráðnir embættismenn, og með einfaldri lagabreytingu má leggja þeim kennsluskyldu á herðar, en eftir atvikum veita þeim einhverja launhækkun jafnhliða. Enn fremur er völ á stundakennurum í Reykjavík í ýmsum greinum búvísindadeildar, t. d. í undirstöðuvísindum, svo sem almennri efnifræði, eðlisfræði, grasufræði, dýrafræði og jarðfræði. Einnig gætu starfsmenn Búnaðarfélags Íslands, yfirdýralæknir og fleiri sérfræðingar, búsettir í Reykjavík, tekið að sér kennslu eftir atvikum í ýmsum sérgreinum. Á þennan hátt mundi kennslan verða miklum mun kostnaðarminni fyrir ríkið og jafnframt fullkomnari heldur en hún gæti orðið, ef fastráðnir búnaðarháskólakennarar önnuðust hana á Hvanneyri.

Ég hef hér að framan nefnt nokkur atriði, sem að mínum dómi eru rök fyrir því, að framhaldsnám búfræðinga beri að tengja við Háskóla Íslands, en ekki stofna sjálfstæðan búnaðarháskóla, sem ekki sé í neinum tengslum við æðstu menntastofnun vora. Einu vil ég þó enn bæta við.

Margir halda því fram, að það beri að forða nemendum við framhaldsnám í búfræði frá glaumi og gjálífi höfuðborgar vorrar, Reykjavíkur, með því að slík stofnun sé staðsett í sveit. Þetta eru að mínum dómi léttvæg rök og ég vil segja einskis virði. Sjálfsagt er, að venjulegir búnaðarskólar séu staðsettir í sveit. Nemendur þeirra eru flestir um eða innan við tvítugt og þess vegna enn í mótun bæði andlega og líkamlega, og er því sjálfsagt, að skólastaður þeirra sé í sveit, enda allt verklegt nám bundið við það. Hins vegar eru þeir fáu nemendur, er í framhaldsnám fara, eldri menn og þroskaðri, komnir yfir tvítugt. Að hætta sé á, að þeir gleppjist svo við nám í Reykjavík, að þeim sé voði búinn, er að mínum dómi allt of mikið vantraust á æskumönnum úr sveitum hérlendis. Þeir, sem ekki væru færir um að rækja nám sitt á sæmilegan hátt, þótt skólastaður við framhaldsnám væri í Reykjavík, mundu aldrei verða líklegir til mikilla afreka sem forustumenn í landbúnaðarmálum.

Í septembermánuði 1954 skipaði þáverandi landbúnaðarráðherra þriggja manna nefnd til þess að athuga starfshætti framhaldsdeildarinnar á Hvanneyri og hvort ástæða væri til að breyta henni og fullkomna. Þessi nefnd náði ekki samkomulagi. Var það einkum staðarvalið fyrir skólann, sem var þess valdandi, að nefndin klofnáði, en þó einnig kröfur um undirbúningsmenntun nemenda og lengd námstíma.

Meiri hluti nefndarinnar, þeir dr. Halldór Pálsson og Kristján Karlsson, skólastjóri á Hólum, skiluðu meirihlutaálit, þar sem þeir lögðu til, að við Háskóla Íslands yrði stofnuð búvísindadeild. Guðmundur Jónsson skólastjóri á Hvanneyri var í minni hluta. Lagði hann til, að búnaðarháskóli yrði reistur á Hvanneyri. Ég leyfi mér að senda með þessari greinargerð minni — merkt Fskj. I — álit meiri hluta nefndarinnar. Þar er að finna ýmsar upplýsingar. Að visu skal fram tekið, að aðstæður hafa að nokkru leyti breytzt á þeim árum, sem liðin eru síðan, en þó eru þar ýmsar upplýsingar um þetta mál, sem enn eru í fullu gildi. Þá sendi ég — merkt Fskj. II — minnihlutaálit Guðmundar Jónssonar.

Síðastliðið sumar var á vegum European Productivity Agency ráðstefna í París um búnaðarháskóla, skipulag þeirra og aðstöðu nemenda við slíkar stofnanir. Ólafur ráðunautur Stefánsson sótti ráðstefnu þessa sem fulltrúi Búnaðarfélags Íslands. Ég legg hér með skýrslu hans um þennan fund — merkt Fskj. III.

Verði frumvarp til laga um stofnun búnaðarháskóla á Hvanneyri lagt fyrir Alþingi það, er nú situr, óska ég eftir, að þessi greinargerð mín verði prentuð sem fylgiskjal með því frumvarpi.

Reykjavík, 25. jan. 1960.

Steingr. Steinþórsson.

Fylgiskjal II.

Í tilefni af greinargerð Steingríms Steinþórssonar búnaðarmálastjóra viljum við taka fram:

Það er alls ekki verkefni þessarar nefndar að ræða þá hlið málsins, sem Steingrímur fjallar um í greinargerðinni. Hún hefur verið og verður vafalaust rædd á öðrum vettvangi. Við teljum nefndina hafa unnið það starf, sem henni var falið, með samningu meðfylgjandi frumvarps og ástæðulaust fyrir hana að fara út fyrir þann verkahring.

Guðmundur Jónsson. Benedikt Gröndal.